

Nefndasvið Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. apríl 2005.

Umsögn Laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, 131. löggjafarþing 2004 - 2005, þskj. 884 – 591. mál

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar og lætur í té eftirfarandi umsögn.

Frumvarpið hefur að geyma þær reglur núgildandi samkeppnislaga nr. 8, 1993 sem varða óréttmæta viðskiptahætti og gagnsæi markaðarins. Er það til samræmis við það markmið að færa verkefni sem lúta að fyrrgreindum málaflokkum frá samkeppnisyfirvöldum til nýrrar stofnunar, Neytendastofu, og að koma á fót sérstöku embætti, talsmanni neytenda. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því að gerðar verði efnislegar breytingar á framangreindum reglum samkeppnislaga.

Laganefnd telur að fullt tilefni sé til að taka til endurskoðunar og að skilja að verkefni Samkeppnisstofnunar og Neytendastofu, líkt og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þær athugasemdir sem Laganefnd gerir við efni frumvarpsins lúta hins vegar almennt að gildissviði laganna, og eru þær eftirfarandi:

Almennt um 1. – 3. gr. frumvarpsins

Það er álit Laganefndar að mikilvægt sé að gildissvið frumvarpsins verði afmarkað með skýrum hætti, einkum í ljósi þess að brot á lögnum geta varðað stjórnvaldssektum (22. gr.), fésektum og fangelsi (1. og 3. mgr. 25. gr.), sviptingu réttinda (4. mgr. 25. gr.) sem og upptöku eigna (4. mgr. 25. gr.).

Í 1. gr. frumvarpsins er hugtakið „**atvinnustarfsemi**“ skilgreint. Hugtakið er rúmt orðað og virðist eiga að falla undir það hvers kyns atvinnustarfsemi án tillits til þess hver sé tilgangur hennar. Þannig virðist ráð fyrir því gert að undir það falli starfsemi félaga og stofnana sem ekki starfa í ágóðaskyni, svo sem íþróttafélaga og annarra aðila, og jafnframt þau tilvik þegar arður af starfsemi á að renna til viðskiptamanna eða til tiltekinna góðgerðarmálefna. Eina skilyrðið er að atvinnustarfsemin sé rekin gegn endurgjaldi.

Laganefnd bendir einnig á að hugtakið „**neytandi**“ virðist ekki hafa verið skilgreint með samræmdum hætti í þeim lögum sem fjalla um neytendavernd.¹ Í núgildandi

¹ Sjá 4. gr. a laga nr. 121, 1994 um neytendalán „Neytandi er einstaklingur sem á lánaviðskipti sem lög þessi ná til, enda séu þau ekki gerð í atvinnuskyni af hans hálfu.“, 3. mgr. 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup „Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.“, 2. gr. laga nr. 46, 2000 um húsaöngungu og fjarsölu „Neytandi er í lögum þessum einstaklingur sem er kaupandi í viðskiptum sem lög þessi taka til í tilgangi sem er óviðkomandi starfi hans.“ 2. mgr. 1. gr. laga nr. 48, 2003 um neytendakaup „Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir söluhlut utan atvinnustarfsemi“.

samkeppnislögum nr. 8, 1993 er hugtakið skýrt þannig í 4. gr. að það taki til þeirra einstaklinga sem kaupa vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni. Í 3. tl. 3. gr. frumvarpsins er lagt til að hugtakið verði skýrt með sama hætti. Laganefnd telur rétt að vekja sérstaka athygli á eftirfarandi atriðum:

a Hugtakið neytandi

Ljóst er að einungis einstaklingar geta talist neytendur í skilningi frumvarpsins og geta því fyrirtæki, lögpersónur, félög eða félagasamtök ekki fallið undir hugtaksskilgreininguna og um leið réttarvernd frumvarpsins. Hér er rétt að hafa í huga að kaupandi vöru og þjónustu er oft ekki einstaklingur heldur hópur einstaklinga, svo sem nemendafélög, húsfélög og önnur almenn félög sem kaupa vöru og þjónustu til persónulegra afnota fyrir félagsmenn sína.²

Það er álit laganefndar að rétt sé að skilgreina hugtakið neytandi með framangreindum hætti, þannig að undir hugtakið falli þau tilvik þegar fleiri en einn einstaklingur skipuleggur sameiginleg kaup á vöru og þjónustu og að slík félagasamtök eigi t.d. að geta borið erindi eða kvörtun vegna brota á lögnum m.a. til talsmanns neytanda. Með því móti verði framkvæmd laganna skilvirkari og réttarvernd neytenda aukin að sama skapi.

b Kaup í atvinnuskyni

Að mati laganefndar hefði jafnframt verið réttara að afmarka nánar, hvenær kaup eru ekki gerð í atvinnuskyni. Til dæmis komi ekki fram hvort sú krafa verði gerð til atvinnurekenda að hann hafi vitneskju um að um neytanda sé að ræða. Jafnframt kemur ekki fram hvort gerð sé krafa til eðlis samningsandlagsins eða hvort sérstök og óvenjuleg kaup neytanda á vöru og þjónustu geti verið undanskilin.³

² Í dönskum rétti hefur verið talið að undir hugtakið neytandi geti einnig fallið samtök einstaklinga, sbr. **UFR1988:945V** Nokkrir neytendur höfðu stofnað félag um móttöku sjónvarpsefnis. Talið var að ef samið hefði verið við einstakan aðila félagsskaparins um þjónustuna, hefði viðkomandi samningsaðili haft stöðu neytanda við samningsgerðina. Því þóttu ekki standa rök til þess að undanþiggja félagsskapinn neytendavernd laga nr. 139, 1978 um tiltekna neytendasamninga.

³ Til samanburðar má vísa til eftirfarandi dóma úr danskri réttarframkvæmd þar sem fjallað hefur verið um þetta atriði: **UFR1992:806Ö** Eftirlaunabegi keypti demanta sem auglýstir voru sem örugg fjárfesting. Andvirði demantanna var um dkr. 8.000.000. Síðar kom í ljós að demantarnir voru mun verðminni en gefið var í skyn í auglýsingum. Landsréttur komst að því að eftirlaunabeginn hefði ekki haft stöðu neytanda við kaupin, m.a. þar sem hann hefði notað nær alla fjármuni sína í kaupin og hefði að auki tekið lán til frekari kaupa á demöntum, sem hann hafði hugsað sér að selja síðar með hagnaði. **UFR1995:432H** Málið varðaði kaup á sams konar demöntum og í **U1992:806Ö**. Stefnendur voru fimm launþegar sem höfðu hver um sig keypt demanta fyrir um dkr. 100.000,00-400.000,00. Landsréttur taldi þá ekki hafa haft stöðu neytenda við kaupin. Í Hæstarétti var á því byggt að hvergi kæmi fram í lögum að stærð eða umfang greiðslunnar ætti að skipta máli við mat á því hvort um neytanda væri að ræða, jafnvel þótt keyptir væru hlutir sem ætlunin væri að selja aftur, ef endursalan væri ekki liður atvinnustarfsemi viðkomandi aðila. Launþegarnir voru taldir hafa stöðu neytenda við kaupin.

Laganefnd telur að öðru leyti ekki rétt að fjalla frekar um nánari útfærslu ofangreindra reglna umfram það sem að framan hefur verið rakið.

Virðingarfyllt,
f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður.